

**Nd.**

**338. Frumvarp til laga**

[228. mál]

um Kjaradóm.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 244 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Kjaradómur ákveður launakjör þeirra sem hér greinir:

Biskups Íslands, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmanns, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, saka-dómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, skrifstofustjóra Alþingis, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara.